


Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma á fyrri árshelmingi 2014

Rekstur	Samstæða 2014	Samstæða 2013	Samstæða 2012	Samstæða 2011	Samstæða 2010
Fjárhæðir í m.kr.	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún
Rekstrartekjur	5.756,6	5.351,2	4.924,8	4.397,3	4.065,8
Aðrar tekjur	11,0	14,4	22,6	30,7	21,7
Vöru- og umbúðanotkun	(3.469,1)	(3.080,2)	(2.899,1)	(2.515,6)	(2.397,5)
Laun og tengd gjöld	(1.035,3)	(980,7)	(880,2)	(782,7)	(757,8)
Annar rekstrarkostnaður	(731,0)	(780,9)	(696,7)	(661,9)	(592,4)
Afskriftir	(157,2)	(144,2)	(143,2)	(145,4)	(135,9)
Rekstrarhagnaður	375,0	379,6	328,2	322,4	203,9
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	14,0	10,1	16,7	20,1	2,2
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(74,3)	(105,2)	(149,6)	804,2	(13,0)
Hagn. fyrir skatta	314,7	284,5	195,3	1.146,7	193,1
Tekjuskattur	(60,1)	(54,9)	(35,7)	(225,3)	0,0
Heildarafkoma tímabilsins	254,6	229,6	159,6	921,4	193,1
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	528,5	518,9	469,4	467,1	339,3
Efnahagur	30.06.14	30.06.13	30.06.12	30.06.11	30.06.10
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir	4.006,3	3.547,9	3.492,6	3.540,7	3.683,9
Veltufjármunir	3.236,7	3.244,5	2.571,5	2.382,0	2.208,0
Eignir	7.243,0	6.792,4	6.064,1	5.922,7	5.891,9
Eigið fé	3.804,8	3.338,5	2.831,3	2.448,5	1.573,4
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	495,6	477,8	458,0	427,1	434,6
Langtímaskuldir og skuldbindingar	2.282,7	2.310,0	2.431,9	2.471,3	2.904,8
Skammttímaskuldir	1.155,5	1.143,9	800,9	1.002,9	1.413,7
Skuldir	3.438,2	3.453,9	3.232,8	3.474,2	4.318,5
Eigið fé og skuldir	7.243,0	6.792,4	6.064,1	5.922,7	5.891,9
Kennitölur					
EBITDA	532,2	523,8	471,4	467,8	339,8
Innra virði	7,7	7,0	6,2	5,7	3,6
Veltufjárlutfall	2,8	2,8	3,2	2,4	1,6
Eiginfjárlutfall	53%	49%	47%	41%	27%



Reykjavík, 22. ágúst 2014.

Fréttatilkynning frá Sláturfélagi Suðurlands svf.

Afkoma á fyrri ársþhelmingi 2014

- **Tekjur á fyrri ársþhelmingi 5.757 m.kr. og aukast um 8% milli ára.**
- **255 m.kr. hagnaður á fyrri ársþhelmingi ársins en 230 m.kr. hagnaður árið áður.**
- **EBITDA afkoma var 532 m.kr. en 524 m.kr. árið áður.**
- **Eigið fé 3.805 m.kr. í lok júní og eiginfjárlutfall 53%.**

Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélagi þess, Reykjagarði hf.

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til júní 2014 var 255 m.kr. Á sama tímabili árið áður var 230 m.kr. hagnaður. Eigið fé Sláturfélagsins er 3.805 m.kr. í lok júní.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 5.757 m.kr. á fyrri ársþhelmingi ársins 2014, en 5.351 m.kr. á sama tíma árið áður og hækka því um 8%. Aðrar tekjur voru 11 m.kr. en 14 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 3.469 m.kr. en 3.080 m.kr. árið áður. Launakostnaður hækkaði um tæp 6%, annar rekstrarkostnaður lækkaði um rúm 6% og afskriftir hækkuðu um 9%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 375 m.kr., en 380 m.kr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 532 m.kr. en var 524 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var jákvæð um 14 m.kr. en árið áður um 10 m.kr. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 74 m.kr., en voru 105 m.kr., á sama tímabili í fyrra. Reiknaður tekjuskattur nam 60 m.kr., en 55 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri tímabilsins var 255 m.kr. en 230 m.kr. á sama tímabili árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 529 m.kr. á fyrri ársþhelmingi ársins 2014, samanborið við 519 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2013. Heildareignir Sláturfélagsins 30. júní voru 7.243 m.kr. og eiginfjárlutfall 53%. Veltufjárlutfall var 2,8 á fyrri hluta ársins 2014, sama og árið áður.

Fjárfest var í varanlegum rekstarfjármunum á fyrri ársþhelmingi 2014 fyrir 251 m.kr. en 183 m.kr. á sama tímabili árið áður. Seldar voru eignir fyrir 5 m.kr. Á fyrri ársþhelmingi var m.a. byggt 1500 fermetra vöruhús í Þorlákshöfn undir áburð og lokið við viðbyggingu við sláturhúsið á Selfossi auk fjárfestinga í vélbúnaði.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2014 var í aprílmánuði greiddur 13,7% arður af B-deild stofnsjóðs alls 25 m.kr. og reiknaðir 6% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 18 m.kr.

Stjórn og forstjóri staðfestu árshlutareikning samstæðu Sláturfélagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2014 með undirritun á stjórnarfundum í dag. Árshlutareikningur samstæðunnar er með könnunaráritun endurskoðenda.

Sláturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ OMX. Sláturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu ársins 2014 þann 19. febrúar 2015.

Staða og horfur

Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er traust með 53% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,8. Langtímatímaskuldir í lok júní 2014 voru 1.975 m.kr. Næsta árs afborganir eru um 91 m.kr. en lán samstæðunnar eru til langs tíma sem tryggir lága árlega greiðslubyrði.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi neikvæðum áhrifum af vaxandi innflutningi á kjöti á rekstur afurðahluta félagsins. Einnig ríkir nokkur óvissa með afsetningu á hluta kindakjötsafurða sem falla til í haust.



Staða lykilvörumerkja félagsins í kjötiðnaði er sterk og ímynd félagsins góð á markaði sem rennir stoðum undir frekari uppbyggingu á markaðsstöðu á komandi árum. Samt sem áður er reiknað með að erfiðar markaðsaðstæður á kjötmarkaði hafi neikvæð áhrif á afkomu kjötiðnaðar á síðari árshefningi.

Matvöruhloti innflutningsdeildar stendur vel. Með nýjum viðskiptasamböndum hefur vöruúrval verið aukið til áframhaldandi vaxtar. Búvöruhloti innflutningsdeildar hefur styrkt stöðu sína á markaði fyrir helstu rekstrarvörur bænda. Sala á Yara áburði til bænda gekk vel á fyrri hluta ársins og sala á dlg kjarnfóðri og öðrum rekstrarvörum eykst stöðugt.

Fjárhagsdagatal 2014

Júlí – desember 2014 uppgjör
Aðalfundur 2015

19. febrúar 2015
20. mars 2015

Frekari upplýsingar veita:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinthor@ss.is

Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is